

Gjaldskrá

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

- Aukavatnsgjald kr./m³
- Fyrstu 150.000 m³ 41,4

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m³ á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
að 20 mm	8.669 kr.
20-24 mm	12.212 kr.
25-31 mm	15.365 kr.
32-39 mm	18.356 kr.
40-49 mm	24.554 kr.
50-74 mm	73.782 kr.
75-99 mm	79.948 kr.

100 mm og stærri 86.125 kr.

**6. gr.
Heimæðargjald.**

Utánmál	Inntaksgjald	Yfirlengd
32 mm	330.070 kr.	7.061 kr./m
40 mm	428.604 kr.	8.047 kr./m
50 mm	578.038 kr.	9.033 kr./m
63 mm	811.221 kr.	11.165 kr./m
75 mm	1.134.716 kr.	15.594 kr./m
90 mm	1.372.625 kr.	24.626 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi.


**7. gr.
Ábyrgð á greiðslu gjalda.**

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

**8. gr.
Gildistaka**

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2017. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1196/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 1. desember 2016.


Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.
